

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 10. október 2012.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög (102. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem m.a. miðar að því að auka gagnsæi opinberra hlutafélaga.

Viðskiptaráð Íslands skilaði umsögn við frumvarp sama efnis á síðasta löggjafarþingi og gerði þar engar athugasemdir enda markmið frumvarpsins af hinu góða og flest ákvæði þess einnig.¹ Vísar undirritaður sérstaklega hvað það varðar í greinagerð frumvarpsins þar sem segir að mikilvægt sé að „opinber hlutafélög séu gegnsærri en gengur og gerist.“

Við afgreiðslu þessa frumvarps lá almenn eigendastefna ríkisins hins vegar ekki fyrir, en hún var birt í ágúst síðastliðnum. Er þar m.a. tekið fram að þrátt fyrir að hin almenna eigendastefna gildi um öll félög í ríkiseigu sé sérstaða sumra félaga þannig að til þurfi ítarlegri stefnu og í þeim tilvikum verður þeim félögum sett sérstök eigendastefna, sem þó byggir á hinni almennu stefnu.² Þá liggur fyrir eigendastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki í opinberu eigu frá árinu 2009. Frumvarpið virðist þó aðeins gera ráð fyrir einni eigendastefnu ríkisins. Undirritaður telur að útlista hefði mátt frekar þessa uppbyggingu eigendastefna ríkisins í greinargerð frumvarpsins til að gefa stjórnnum viðkomandi fyrirtækja skýrari leiðbeiningar.

Þá gerir Viðskiptaráð athugasemd við 6. gr. frumvarpsins er kveður á um að stjórnarmenn skuli undirrita yfirlýsingu um skuldbindingu við eigendastefnu ríkis eða sveitarfélaga. Tekur undirritaður þar m.a. undir athugasemdir Bankasýslunnar um að yfirlýsingin gæti falið í sér skyldur gagnvart viðkomandi stjórnarmönnum er gætu t.a.m. skarast á við almenn ákvæði hlutafélagalaga um að stjórnarmenn skuli gæta hagsmuna allra hluthafa. Þá má jafnframt vísa til þess að meginatriði eigendastefna, sbr. tilmæli OECD á þessu sviði, snúa í grófum dráttum að skýru sjálfstæði stjórna, auknu gagnsæi, jafnræði hluthafa, aðgreiningu hlutverka hins opinbera sem eiganda annars vegar og valdhafa til reglusetninga á viðkomandi markaði og að markmiðum eignarhaldsins sé að mestu fylgt eftir á hluthafafundum. Áðurnefnd yfirlýsing samræmist illa þessum atriðum. Til að skerpa frekar á svigrúmi hins opinbera til að framfylgja eigendastefnu sinni væri þess í stað unnt að skilgreina í samþykktum þau tilvik þar sem stjórn skal bera tiltekin mál undir hluthafafund.

Viðskiptaráð leggur til að 6. gr. verði felld brott en að frumvarpið nái að öðru leyti fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands

¹ 703. þingmál, umsögn dags. 8.5.2012.

² Sjá [hér](#) á bls. 6.